

Ákvæðum þessum má með leyfi oddvita sýslunefndar beita **67**
gagnvart rennslífé úr öðrum hreppum ef veruleg ástæða þykir til, og 9. júlí
samkomulag næst ekki á annan hátt við viðkomandi hreppsnefndir.

Rísi ágreiningur milli hreppsnefnda um ákvörðun hagatolls,
má skjóta málinu til oddvita sýslunefndar.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sömu viðurlögum og brot á
hinni almennu fjallskilareglugjörð.

Að öðru leyti gildir hin almenna reglugjörð, svo og sérákvæði
fjallskilareglugjörðar fyrir Leiðvallarhrepp forna frá 26. apríl 1876,
er í gildi mega teljast.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefir
samið og samþykkt, samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna, sbr.
lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi
1. ágúst þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júlí 1929.

Jónas Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGJÖRD

um

refaveiðar og refaeldi í Suður-Pingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

1. gr.

Hreppsnefndir hafa alla stjórn og umsjón refaveiða, hver í
sínnum hreppi, og útvega refaskyttur, en kjósa mega þær einn mann
úr sínum flokki, til að sjá um alla framkvæmd refaveiðanna, og
nefnist hann refaveiðastjóri.

2. gr.

Hver búandi er skyldur til að leita grenja í heimalandi ábýlis-
jarðar sinnar, á hverju vori, en sé land hans notað til uppreksturs

68

11. júlí

68 fyrir sauðfé, getur hann kvatt þá er reka í land hans, til leitarinnar 11. júlí með sér. Afréttareigendur skulu skyldir að gera grenjaleit í afréttum þeim, er þeir eiga, og geta þeir kvatt til leitarinnar, á sinn kostnað, svo marga menn, er þurfa þykir, af þeim fjáreigendum er reka á afréttinn.

Hreppsnefndir skulu sjá um að grenjaleitir séu gerðar ár hvert á landssvæði hreppsins. Nú er einhver afréttur ónotaður og fæst ekkert afgjald eftir hann, er þá hreppsnefnd heimilt, að gera þar grenjaleit, ef þurfa þykir á kostnað sveitarsjóðs. Þar sem sérstaklega stendur á, skal hreppsnefndum heimilt, með samþykki almenns hreppsfundar að jafna niður refaveiðakostnaði ásamt fjallskilakostnaði.

3. gr.

Nú finnst gren í afrétt eða heimalandi, er refir hafa lagst í, og skal tafarlaust skýra refaveiðastjóra frá því, eða skotmanni, ef hann er nær. Skal skotmaður jafnskjótt leggjast á grenið, en ávallt skal einn leitarmanna geyma grenisins, þar til skotmaður kemur á það.

4. gr.

Nú liggja lönd beggja hreppa saman og finnst gren á landamærum eða nálægt þeim, og verður ágreiningur um; sker þá sýslunefnd úr þrætum.

5. gr.

Nú finnst gren er refar hafa lagt í, annaðhvort í afrétti eða heimalandi, án þess í leit sé, og er þá finnandi skyldur að skýra næsta búanda frá því, en búandi sá skal tafarlaust skýra skotmanni frá, eða refaveiðastjóra þeim sem hlut á að máli. Fær hann sanngjarna borgun fyrir ómak sitt, samkvæmt mati hreppsnefndar.

6. gr.

Skotmaður er skyldur að fara tafarlaust á gren það, er honum er vísað til, og skal fá annan mann í grenið, honum til aðstoðar.

Landeiganda er skylt, að leggja til meðlegumann í sinni landareign, og fær hann í kaup 6 krónur um sólarhring, er greiðist úr sveitarsjóði. Geri hann það eigi, ræður hreppsnefnd eða skotmaður mann til þess á hans ábyrgð.

7. gr.

Eigi má skotmaður umróta greni meira en nauðsyn krefur, en bræla má hann það og eittra til að ná hvolpunum, verði þeim ekki náð á annan hátt.

8. gr.

68

Jafnskjótt sem skotmaður er kominn af greni, skal hann skýra refaveiðastjóra frá, hve lengi hann hefir á greninu legið, og hvað unnið, og færa nægar sannanir fyrir. — Brjóti skotmaður þær reglur, sem honum eru settar, eða sýni vanrækslu eða skeytingarleysi við störf sín, hefir hann að nokkru eða öllu leyti fyrirgert endurgjaldi því, er honum annars ber, og getur að auki sætt sektum.

9. gr.

Skotmaður fær kaup fyrir starf sitt, eftir samningi við hreppsnefnd. Auk þess fær hann verðlaun fyrir hvert dýr sem vinnst, 8 krónur fyrir fyrra dýrið, 12 krónur fyrir hið síðara og 2 krónur fyrir hvern yrðling.

10. gr.

Nú leggst bitvargur á sauðfé manna, og skal sveitarstjóri leggja fé til höfuðs honum, eða fá skotmann til að vinna dýrið fyrir ákveðið dagkaup. Heimilt er hreppsnefnd og að greiða þóknun fyrir dýr hvert sem unnið er á víðavangi.

11. gr.

Hreppsnefnd semur skrá um öll þau gren, er liggja innan takmarka hreppsins, með stuttri lýsingu af legu þeirra og afstöðu. Finnist ný gren skal bæta þeim á skrána. Skrá þessa skal rita í gjörðabók hreppsnefndar eða refaveiðabók.

II. KAFLI.

12. gr.

Hver sá er óskar að ala upp yrðlinga til að nota skinn þeirra sem verzlunarvöru, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni, á hverju ári, ekki síðar en á manntalsþingum. Fyrstu leyfisbeiðni skal fylgja úttektargjörð sú, sem um getur í 13. gr.

13. gr.

Yrðlingaeldi er bannað nema í húsum með steinlímdum eða járnvörðum veggjum að innan, steinlögðu gólfi, og öruggum útbúnaði um glugga og dyr. Skal hlutaðeigandi hreppsstjóri, með lögskipuðum úttektarmanni taka hús þessi út og meta hvort tryggilega sé frá þeim gengið. Sé þeim á nokkurn hátt áfátt að þeirra dómi, og bæti eigandi það ekki þegar, skal hreppsstjóri tafarlaust kæra það fyrir sýslumanni. Úttektir þessar borgar refaeldismaður, eins og venja er til um aðrar úttektir.

68

14. gr.

11. júlí

Hreppsstjóri hefir eftirlit með refaeldi í sínum hreppi. Skal hann á hverju sumri, hið fyrsta eftir að refir eru komnir í eldi, fara til og telja hvolpana hjá hverjum refaeldismanni, og líta um leið eftir að refaeldishúsum sé vel við haldið. — Þegar refadrápi er lokið, skal hreppsstjóri gera aðra skoðun. Leggur refaeldismaður þá fram refabelgina til talningar. Vanti nokkuð á töluna frá því um vorið, tilkynnir hreppsstjóri það þegar sýslumanni, og sektast refaeldismaður fyrir hvern hvolp sem ávantar, eins og hann hefði sloppið, nema að sannað sé, að svo hafi ekki verið. Eftirlitsferðir hreppsstjóra borgar refaeldismaður.

15. gr.

Fyrir hvern hvolp, sem sleppur hjá refaeldismanni greiðir hann 100 króna sekt.

16. gr.

Hafi hreppsstjóri refaeldi með höndum, eða sé nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

III. KAFLI.

17. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—200 kr. nema þar sem öðruvísi er ákveðið hér að framan. Allar sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin „Reglugjörð um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu“ frá 16. júní 1915 og reglugjörðir um breytingar á þeirri reglugjörð frá 12 júní 1919, 9. ágúst 1920, og 5. sept. 1924.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. ágúst 1929.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júlí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.